

Sendandi: Elín Kristjánsdóttir - túlkur
Asparfell 2
111 Reykjavík
Kt. 1301912319

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál.

Ég, Elín Kristjánsdóttir, túlkur á tæilensku og íslensku og fædd og uppalin á Íslandi tel að stofnun ráðgjafastofu innflytjenda sé mikilvægt skref sem þjóðin verður að taka í innflytjendamálum, sérstaklega þegar horfið er til 10. og 11. þátts Heimsmarkmiða Sameinuðþjóðanna (10. Aukinn jöfnuður. 11. Sjálfbærar borgir og samfélög).

Ég veit af eigin skinni að margir innflytjendur sem hafa búið hér í nærri þrjá áratugi eru ekkert sérstaklega sjálfbærir. Móðir mín, sem í dag er ekkja föður míns er skýrt dæmi um það. Hún treystir sér ekki til þess að fara sjálf í bankann ef hún þarf að gera eitthvað sem hún hefur ekki gert áður og vandist því snemma að treysta á föður minn. Ég sé það líka í starfi mínu sem túlkur að innflytjendur, hvort sem þeir hafa búið hér í nokkrar vikur eða nokkra áratugi eiga oft á tíðum mjög erfitt uppdráttar ef eitthvað bregður út af, hjálparhellan bregst (skilnaður, svik, andlát). Þessi hópur er mjög illa staddur vegna lélegrar þekkingar á réttindum sínum og málleysis.

Það eru fleiri skref sem þarf að taka til að auka jöfnuð samfélagsþegna í þessum málaflokki, en ráðgjafastofa innflytjenda er mjög góð byrjun.

Með von um að þessi innflytjendastofa verði sett á laggirnar sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,
Elín Kristjánsdóttir